




## SÍÐFRÆÐI NÓVEMBER 2007

### Lísa, 1. kafli: Fyrstu spurningar nemenda:

1. Er munur á því að drepa fólk og dýr? (Hans)
2. Hvað er öðruvísi að drepa menn heldur en ÖNNUR dýr? (Kalli)
3. Hvað gerist ef maður er úti að ganga með hund og hundurinn bítur mann með þeim afleiðingum að hann deyr. Hver fengi skömmina á sig? (Kjartan)
4. Er þetta ekki hvöt hjá mönnum að drepa dýr? Eins og ljón drepa zebrahesta til matar! (Björk)
5. Er ekki mannveran eina tegund jarðar sem drepur eigið kyn? Þetta er ekki eðlilegt! Dýr drepa aðrar tegundir af dýrum til matar en ekki sömu tegund! Það er hinsvegar eðlilegt að fólk drepi dýr til matar. (Valgerður)
6. Af hverju á að drepa dýr ef heimurinn er með of mikið af dýrum? (Víglandur)
7. Af hverju var fólk að æsa sig svona mikið? (Siggi)
8. Er fólk að gefa í skyn að annað fólk er ljótt þegar að það gefur því snyrtidót? (Baldvin)

### Hver er munurinn á mönnum og dýrum? (23. nóvember)



### Samræða 23. nóvember: Flokkunin menn-dýr

- einhver er ósammála atriðum í Venn-myndinni:
  - menn eru ekki ósjálfbjarga
  - menn hljóta að vera hluti af náttúrunni
- Hversu lengi gætir þú lifað úti í eyðimörkinni?
  - menn gætu lifað við erfiðar aðstæður – þeir myndu ekkert bara setjast niður og fara í sólbað
  - rangt að segja að menn séu ósjálfbjarga aleinir
  - gildir þetta ekki alveg eins um dýr?
- Af hverju heldur þú að þín skoðun sé rétt þótt allir séu á móti skoðuninni þinni?
  - Af því að það er mín skoðun!
- Menn drepa dýr af ýmsum ástæðum, oft að ástæðulausu:
  - menn drepa dýr til matar
  - ekki bara, líka til að losna við þau (t.d. skordýr), sér til skemmtunar (t.d. ljón og antílópur), vegna hræðslu (t.d. skordýr)
- Hvað hefur þetta að gera með það að við séum hræddari en önnur dýr?
  - við drepum ljón því við erum hrædd við þau
  - ljón drepa af eðlisávisun – getur það þá þýtt að þeim finnist þau vera æðri?
- Rjúpuveiðar: hver er tilgangur þeirra?
  - til matar
  - hefð
- Gíraffaveiðar: hver er tilgangurinn með þeim?
  - enginn?
- Dýr og menn drepa ef þau verða hrædd og geta drepið til að losna frá hræðslunni
- Húsdýr – hvað um þau?
  - ekki góð dæmi um muninn á mönnum og dýrum því þau lifa í svo nánu samneyti við mennina
  - af hverju gerir það dýr ónáttúrulegri? Ef hundur er alinn upp af ljóni – er hann þá náttúrulegri en hundur sem er alinn upp af manni?
  - skýrir þetta eitthvað muninn á mönnum og dýrum?
- Náttúra mannsins er bærinn, náttúra kóngulónnar er hraunið

### **Samræða 28. nóvember: Er fólk að gefa í skyn að annað fólk er ljótt þegar að það gefur því snyrtidót? (Baldvin)**

- Nei: ef einhvern vantar snyrtivöru þá er allt í lagi að gefa honum þær vörur
  - sumum finnst gaman að fá snyrtivöru, gott ef maður vill vera fínn
  -
- sumir þurfa snyrtivörur og nota þær, sumir þurfa ekki snyrtivörur en nota þær samt
- ef maður gefur snyrtivörur þá er maður að gefa eitthvað í skyn
  - gefa strák snyrtivörur: gefur í skyn að hann sé hommalegur
  - gefa í skyn að ég vilji að hann líti út á ákveðinn hátt
  - en stundum er gjöf bara gjöf – gefur ekkert í skyn
  - stundum eru gjafir bara fláskapur – gefnar til að grínast ekki til að senda raunveruleg skilaboð
- Af hverju gefur fólk gjafir?
  - sýna góðmennsku
  - gaman fyrir mann sjálfan
  - gerir hinn ánægðan
  - til að gera grín
  - til að vera vondur –
  - fer eftir sambandi gefandans og þiggjandas
    - börn geta t.d. verið mjög viðkvæm fyrir gjöfum foreldra sinns
- Til hvers notar fólk snyrtidót?
  - skemmtilegt
  - notað til að líta betur út – hjálpar manni að styrkja sjálfstraustið
  - getur bætt útlitið, en það þarf ekki að þýða að útlitið hafi verið slæmt fyrir – hægt að bæta hluti þótt þeir séu góðir

### **Samræða 30. nóvember: Réttindi manna og dýra – áhrif trúarbragða Niðurstöður í lok tímans**

- Við töluðum um trúarbrögð og mikilvægi þeirra.
- Ég held að það sé sniðugt að kenna um trúarbrögð í skólum án þess að vera að pressa á fólk að taka trúna að sér.
- Kristinfræði á að vera kennd í skóla.
- Trúarbrögð hafa mjög mikil áhrif á heiminn PUNKTUR
- Við vorum að tala um hvort trúarbrögð ættu að „breytast“ vegna annarra trúarbragða
  
- Mér finnst að kjötið eigi að vera eins og það er og kristinfræði eigi að vera í skólum!
- Halda áfram að deyfa kýr og halda trúarbrögðum fyrir utan svona mál.
- Beljur eiga að vera deyfðar áður en þeim er slátrað. Því þú átt að bera virðingu fyrir dýrum alveg eins og þú myndir sjálfur vilja vera deyfður.